

Alþingi
Erindi nr. P 122/348
komudagur 1.12.197

Allsherjarnefnd Alþingis,
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík.

Reykjavík, 1. desember 1997.

Svar við fyrirspurn.

Á fundi með yður sl. miðvikudag var óskað eftir tilteknum upplýsingum varðandi frumvarp til laga um dómstóla.

Dómarafulltrúar voru inntir eftir því hvort fjölga þyrfti dómurum og þá um hve marga. Af því tilefni vísum við til umsagnar Friðgeirs Björnssonar dómstjóra í Héraðsdómi Reykjavíkur 26. nóvember sl. þar sem fram kemur að fjölga þurfi um að minnsta kosti tvo dómara í Héraðsdómi Reykjavíkur. Hvað varðar héraðsdóm Reykjaness teljum við að fjölga þyrfti um einn dómara.

Varðandi aðra dómstóla má benda á vandamál sem skapast við einmenningsdómstólana, en ætla má að fjölga þyrfti dómurum þar, þar sem ekki nægir að einn dómari sé í þessum umdæmum. Sýnist því ekki hjá því komist að fjölga dómurum um fimm í það minnsta á landinu öllu.

Hvað varðar biðlaunagreiðslur þá skal upplýst að líklegra er en ekki, að verði frumvarpið að lögum í þeirri mynd sem það nú er, munu flestir þeir dómarafulltrúar sem nú starfa láta af störfum. Fimm þeirra dómarafulltrúa sem nú starfa munu eiga rétt á árs biðlaunum, en flestir aðrir í sex mánuði. Reikna má með því að biðlaunakostnaður verði eigi lægri en á bilinu 15-18 milljónir.

Virðingarfyllst

Gretur Baldursdóttir
Stalla Baldursdóttir
Júlíus D. Þorgeirsson
Andrúður Einarsdóttir
Sigrún Einarsdóttir